

59. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti, fimmtudaginn 2. janúar 2025, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Orkuöflun Reykholti (Tungurimi) - 2403015

Skýrsla borstjóra, dags. 28.12.2024

Starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 27.12.2024

Borinn er kominn á staðinn og framkvæmdir hafnar.

Farið var yfir stöðu hitaveitu í kuldakasti síðustu daga.

2. Skýrsla um neysluveitu Reykholtsskóli - 2412006

Skýrsla dags. 26.11.2024

Úttektarskýrsla HMS var lögð fram.

3. Endurnýjun fráveitu Laugarvatni 3. áfangi - 2310009

6. verkfundur, haldinn 19.12.2024

Fundargerðin var lögð fram.

4. Rýmisþörf leikskólans Álfaborgar - 2405033

Grunnmynd og útlitsteikning vegna lokunar á innskotum á leikskólanum Álfaborg.

Teikningar voru lagðar fram, þar er gert ráð fyrir að tveimur innskotum á leikskólanum verði lokað, þannig verða til tvö rými sem liggja að deild yngstu og elstu barna, annarsvegar 13,1 fermtra leikrými og hins vegar 9,8 fermtra leikrými og 4,4 fermtra skiptiaðstaða.

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að sótt verði um byggingarleyfi.

5. Girðing gámasvæði Heiðarbæ - 2412025

Tilboð í girðingarefni vegna gámasvæðis við Heiðarbæ.

Lagt var fram tilboð í girðingarefni vegna gámasvæðis við Heiðarbæ. Ráðgert er að girða svæðið þegar frost fer úr jörðu.

6. Hönnun útisvæðis sundlaugar Reykholti - 2301060

Frumhönnun og kostnaðaráætlun

Lögð voru fram frumhönnunargögn ásamt kostnaðaráætlun. Næsti fundur með ráðgjöfum verður 3. janúar.

7. Hreinsistöð fráveitu Reykholti - 2103034

Hreinsistöð Reykholti, staða verks.

Sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs fór yfir stöðu verksins. Hreinsistöðin er komin í gagnið og virkar vel.

8. Sérstök söfnun úrgangs 2024 - 2412003

Skilagrein Úrvinnslusjóðs, dags. 20.12.2024, vegna sérstakrar söfnunar á víðavangi.

Skilagreinin var lögð fram.

9. Áætlun um greiðslur fyrir sérstaka söfnun úrgangs 2025 - 2412023

Áætlun Úrvinnslusjóðs, dags. 20.12.2024, um mánaðarlegar greiðslur Úrvinnslusjóðs til sveitarfélagsins fyrir sérstaka söfnun á umbúðum fyrstu sex mánuði ársins 2025.

Áætlun um greiðslur fyrstu sex mánuði ársins voru lagðar fram.

10. Sorphirðudagatal 2025 - 2412019

Sorphirðudagtal 2025

Nýtt sorphirðudagatal var lagt fram. Þar er gert ráð fyrir breyttri tíðni sorphirðu, þar sem allir úrgangsflokkar verða hirtir á fjögurra vikna fresti, í stað þess að almennur og lífrænn úrgangur var tekinn á þriggja vikna fresti og pappi og plast á sex vikna fresti.

11. Ráðning starfsmanns Bláskógaveitu 2025 - 2412026

Ráðning starfsmanns til Bláskógaveitu, janúar 2025

Sviðsstjóri gerði grein fyrir ráðningu nýs starfsmanns, sem hefur störf 20. janúar.

Fundi slitið kl. 14:15.

Stefanía Hákonardóttir

Helgi Kjartansson

Jón Forni Snæbjörnsson

Ásta Stefánsdóttir

Benedikt Skúlason

Kristófer Arnfjörð Tómasson